

82. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar miðvikudaginn 21. júní kl. 18:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eypórsdóttir, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Ólafsson, Emil Þór Guðbjörnsson, Þorbergur Bæringsson, Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Sumarbústaðir ehf./ Þórarinn Sighvatsson sækir um að byggja einbýlishús að Hjallatanga 12 eftir teikningum frá Verkfræðistofu EK dags. maí 2006. Samtals 151,9 m², 536,1m³.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr...
2. Jón L. Bæringsson sækir um að rífa niður fjárhús á “Stebbabletti” í Nesvogi.
Erindi samþykkt með fyrirvara um að húsið sé kvaðalaust.
3. Daði H. Sigurþórsson og Hjálmdís B. Bergmannsdóttir sækja um leyfi fyrir lóðarbreytingu ásamt að byggja einbýlishús að Reitarvegi 4 samkvæmt teikningum frá Verkhönnun ehf, dags. 19.06.06. Samtals 191,4m², 682,4m³.
Samþykkt að veita breytingu og stækkun á lóð. Grenndarkynna erindið fyrir Reitarvegi nr. 2, 4a og 6.
4. Gunnlaugur Valdimarsson Austurgötu 5 sækir um að byggja við húsið samkvæmt teikningum frá Al- Hönnun ehf. dags. 20.05.06. Samtals 21,5 m², 58,5 m³.
Grenndarkynna erindið fyrir Austurgötu nr. 3 og 9.
5. Guðný V. Gísladóttir sækir um leyfi fyrir hönd hótels Breiðafjarðar að setja upp skilti við Aðalgötu samkvæmt bréfi 9.05.06.
Samþykkt að veita tímabundið leyfi. Staðsetning á skilti skal ákveðin í samráði við byggingarfulltrúa.
6. Ásthildur Sturludóttir sækir um lóðarstækkun lóðar við Skólastíg nr. 5 samkvæmt tillögu.
Samþykkt að stækka lóð í átt að göngustíg í norðaustur og í suðvestur samkvæmt tillögu. Gjöld samtals kr...
7. Safna- og menningarmálanefnd Stykkishólmsbæjar sækir um leyfi til að setja upp tímabundið auglýsingaskilti , samkvæmt bréfi dags.06.06.06.
Erindi samþykkt.

8. Skipavík ehf sækir um að byggja sumarhús að Arnarborgum nr. 9 samkvæmt teikningum frá Glámu Kím dags. 5.05.06, samtals 94,7 m², 304,6 m³.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr...
 9. Arkís sækir um f.h. Bensínorkunnar og Skeljung að byggja sjálfsafgreiðslueldneysisstöð við Aðalgötu nr. 26 samkvæmt teikningum frá teiknistofunni Arkís, dags 16.06.06.
Erindi samþykkt með fyrirvara á samþykki Hollustuverndar Ríkisins og Brunamálastofnunar. Gjöld samtals kr...
 10. Hamraafl ehf óskar eftir að byggja atvinnuhúsnæði að Hamraenda nr. 3 samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu Ek dags. 06.06.06 samtals 575,1 m², 3.428,0 m³.
Erindi samþykkt með fyrirvara um samþykki Brunamálastofnunar.
 11. Fyrirspurn frá Sævari Berg Skólastíg 24 um að byggja sólstofu við norðurhlið hússins ásamt að bæta við kvisti á efri hæð samkvæmt tillöguteikningum.
Tekið er jákvætt í að byggja kvist. Bent er á að skoða aðra staðsetningu á sólstofu.
 12. Endurskoðun á deiliskipulagstillögu af atvinnuhúsnæði við Nesveg.
Óskað er eftir að gerðar verði fleiri tillögur sem taki mið af athugasemdum íbúa.
- Emil situr hjá undir lið nr. 12.
13. Jóhannes Þórðarson og Gyða Sigurðardóttir Garðaföt 6 óska eftir að endurnýja glugga og klæðningu á húsi samkvæmt teikningum dags. 2.06.06.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-
 14. Jón A. Ingólfsson og Sigrún E. Svavarsdóttir Skúlagötu 15 sækja um lóðarframkvæmdir sbr. bréf dags. 19.06.06
Erindi samþykkt með fyrirvara um að framkvæmdir séu innan lóðarmarka. Gjöld samtals kr. 3000.-
 15. Gláma Kím sækir um f.h. James Lingwood c/o Artangel breytingar ásamt innanhúsbreytingum/ endurbótum á Bókhöðustíg 19 samkvæmt bréfi og teikningum frá Glámu Kím dags 17.06.06.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-
 16. Önnur mál
 - 16.a Lögð fram fyrirspurn Íslandspósts á byggingu pósthúss við Aðalgötu 31.
Tekið er jákvætt í erindið.
 - 16.b Sumarbústaðir ehf/ Þórarinn Sighvatsson sækir um grafrarleyfi á lóðinni með fyrirvara á lóðarúthlutun.
Nefndin veitir grafrarleyfi með fyrirvara um úthlutun lóðar.

Fleira var ekki rætt. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:25

Ásgeir Gunnar Jónsson (sign), Guðmundur Kristinsson (sign), Emil Þór Guðbjörnsson (sign), Þorbergur Bæringsson (sign), Björgvin Ólafsson (sign), Eydís Bergmann Eypórsdóttir (sign), Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign).